

3. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 5. og 6. október 2018 í Edinborgarhúsinu Ísafirði

Réttlát skipting skatttekna og nýtt vinnulag í samskiptum fjárlaganefndar, ráðneyta, landshlutasamtaka sveitarfélaga og sveitarfélaga

3. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga krefst aukinnar sanngirni í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Bæta þarf hlutdeild sveitarfélaga í skattstofnum og koma af stað skynsamlegri umræðu um hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera af hagnýtingu auðlinda. Vinna þarf einnig að því að formgera samskipti ráðuneyta, Alþingis og sveitarfélaga við undirbúning og afgreiðslu ríkisfjármálaáætlun og fjárlög -hvers árs.